

# Innanríkisráðuneytið

*auglýsir kynningu á skipulagsreglum fyrir Egilsstaðaflugvöll.*

Í samræmi við heimild í 59. gr. laga um loftferðir, nr. 60 frá 1998, hefur innanríkisráðherra ákveðið að setja skipulagsreglur fyrir Egilsstaðaflugvöll. Reglurnar hafa m.a. að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins, reglur um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvellinum auk reglna um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Drög að reglunum hafa verið kynnt fulltrúum sveitarfélaga í nágrenni vallarins.

Tilgangur og markmið reglnanna er:

- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar, og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga (t.d. Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli.

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Egilsstaðaflugvöll er hér með auglýst til kynningar en tillagan er til sýnis í flugstöðinni á Egilsstöðum frá og með 5. október til og með 16. nóvember 2015. Hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu Innanríkisráðuneytisins, <http://www.innanrikisraduneyti.is>, og á heimasíðu ISAVIA ohf. <http://www.isavia.is>.

**Skorað er á fasteignaeigendur á Fljótsdalshéraði og aðra hagsmunaaðila að kynna sér fyrirbyggjandi drög að reglum. Athugasemdir eða ábendingar við tillöguna skulu vera skriflegar og berast Innanríkisráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 - 150 Reykjavík, ekki seinna en 16. nóvember. Eftir þann tíma verður ekki tekið við athugasemdum. Litið er svo á að þeir sem gera ekki athugasemdir við tillöguna teljist samþykkir henni.**

Eftir kynningartíma verða athugasemdir og ábendingar sem berast teknar til ítarlegrar athunar. Verði ákveðið að ráðast í breytingar á tillögunni vegna athugasemdanna verða slíkar breytingar kynntar hlutaðeigandi áður en gengið verður endanlega frá reglunum. Auglýsing um gildistöku reglnanna verður birt í Lögbirtingablaðinu. Nánari upplýsingar veitir Atli Björn Levy hjá Isavia ohf., netfang: [atli.levy@isavia.is](mailto:atli.levy@isavia.is): 424-4100

Innanríkisráðuneytinu,  
29. september 2015,

Sigurbergur Björnsson,  
skrifstofustjóri.